

18.04.2024



Ölgerðin Egill Skallagrímsson hf.: Ársreikningur fyrir 1. mars 2023 til 29. febrúar 2024

Ársreikningur samstæðu Ölgerðarinnar Egils Skallagrímssonar hf. fyrir tímabilið 1. mars 2023 – 29. febrúar 2024 var samþykktur af stjórn og forstjóra á stjórnarfundum 18. apríl 2024.

Helstu niðurstöður fjárhagsársins sem og fjórða ársfjórðungs 2023 (Q4 2023) eru:

- **EBITDA fjárhagsársins nam 5.504 millj. kr. samanborið við 4.560 millj. kr. á fyrra ári, sem jafngildir 21% hækkun milli ára (Q4 hækkaði EBITDA um 15,7% á milli ára).**
- **Vörusala samstæðu Ölgerðarinnar var 18% meiri en árið áður (Q4 velta jókst um 15,9% á milli ára).**
- **Hagnaður eftir skatta var 3,3 ma. kr. á fjárhagsárinu og jókst um 33% á milli ára.**
- **Eigið fé í lok Q4 2023 nam 15 ma. kr. og var eiginfjárlutfall 49,1% samanborið við 39,3% við lok síðasta fjárhagsárs.**
- **Nettó vaxtaberandi skuldir ásamt leiguskuldbindingu voru 5,8 ma. kr. í lok Q4 2023 og lækkuðu um 1.569 millj. kr. á árinu þrátt fyrir yfirtöku skulda Iceland Spring.**
- **Afkomuspá stjórnenda samstæðu Ölgerðarinnar fyrir fjárhagsárið 1. mars 2024 – 28. febrúar 2025 er 5.500 – 5.900 millj. kr. EBITDA.**

Rekstrarreikningur samst.	Q4 2023	Q4 2022	Breyt.	% Breyt
Vörusala	10.323	8.906	1.416	16%
Áfengis- og skilagjald	2.550	2.362	188	8%
Vörunotkun	4.108	3.398	710	21%
Annar framleiðslukostnaður	167	182	-14	-8%
Framlegð	3.497	2.964	533	18%
Aðrar tekjur	9	8	1	7%
Laun og launatengd gjöld	1.368	1.220	147	12%
Sölu- og markaðskostnaður	457	342	115	34%
Annar kostnaður	657	525	132	25%
EBITDA	1.025	885	139	16%
Afskriftir	270	206	63	31%
EBIT	755	679	76	11%
Fjármagnsliðir og áhrif hlutdeildarféлага	244	94	151	161%
Hagnaður fyrir skatta	511	586	-75	-13%
Tekjuskattur	88	81	8	9%
Hagnaður e skatta	422	505	-83	-16%

Á fjórða ársfjórðungi fjárhagsársins jókst velta félagsins um 1.416 millj. kr. Um 42% af þeirri aukningu kemur frá Iceland Spring sem er nú hluti samstæðu Ölgerðarinnar. Að öðru leyti kemur vöxturinn að mestu frá drykkjarvöru.

Efnahagsreikningur	29.2.2024	28.2.2023	Breyt.	% Breyt
Eignir	30.665	25.676	4.989	19%
Eigið fé	15.047	10.081	4.966	49%
Eiginfjárlutfall	49,1%	39,3%	9,8	
Vaxtaberandi skuldir og leigusk.	7.279	8.496	-1.217	-14%
Handbært fé	1.524	1.172	352	30%
Nettó vaxtaberandi skuldir og leigusk.	5.755	7.324	-1.569	-21%
EBITDA	5.504	4.560	945	21%
NIDB/EBITDA	1,0	1,6	-0,6	

Nettó vaxtaberandi skuldir, að viðbætti 144 millj. kr. húsaleiguskuldbindingu, voru 5.755 millj. kr. í árslok. Það er lækkun um 1.569 millj. kr. þrátt fyrir að skuldir Iceland Spring að fjárhæð 506 millj. kr. hafi bæst við nettó á tímabilinu.

Meðalvextir skulda samstæðunnar í íslenskum krónum voru 11,1% í lok fjárhagsársins.

Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum á tímabilinu var aðeins umfram áætlanir. Meðal fjárfestinga á tímabilinu voru kaup á fyrstu sjálfvirku lyfturum í vöruhús félagsins sem áætlað er að teknir verði í notkun á yfirstandandi fjárhagsári. Fjárfestingar fjárhagsársins 2024 eru áætlaðar 1.617 millj. kr.. Þar á meðal er bygging hreinsistöðvar, uppfærsla á framleiðslulínu á bjórkútum og áframhaldandi sjálfvirknivæðing í vöruhúsi.

Lykiltölur 12 mán 2023 (mkr.)

EBITDA eykst um 21%

Velta fjárhagsársins jókst um 6,9 ma. kr. eða 18%. Um 32% af veltuaukningu má rekja til þess að nú er Iceland Spring hluti af samstæðu Ölgerðarinnar, um 17% til aukinnar bjórsölu og um 13% til aukinnar sölu á virknidrykkjum.

Meirihluti aukningar kemur til vegna meiri drykkjarvörusölu en magnaukningin í seldum lítrum innanlands er ríflega 7%. Aukning í sölu fjölda eininga af framleiðsluvöru er 9,2%. Á þessum tölum má sjá að áframhaldandi þróun á markaði er í átt að minni skammtastærðum og sykurlausum virknidrykkjum. Um 70% af veltuaukningu innanlands má rekja til smásölu.

EBITDA fjárhagsársins var 5,5 ma. kr. sem er aukning um 21% m.v. fyrra fjárhagsár.

Vörusala Iceland Spring hefur 2,2 ma. kr. áhrif á tekjur samstæðunnar á tímabilinu. EBITDA áhrifin voru 321 millj. kr.

Hagnaður eftir skatta var 3.304 millj. kr. sem er 33% aukning frá sama tíma í fyrra.

Laun og launatengd gjöld voru 4,9 ma. kr. og hækkuðu um 12,3% á milli ára. Hækkun vegna kjarasamninga nam 4,7%, vegna Iceland Spring 2,1%, vegna fjölgunar stöðugilda 3% og vegna annarra breytinga 2,5%.

Velta það sem af er núverandi fjárhagsári er um 5% hærri en á sama tíma í fyrra. Þrátt fyrir ágætan vöxt er ljóst að heldur er að hægja á þeim mikla vexti sem einkennt hefur síðast liðin þrjú ár.

Áhrif Iceland Spring	2023
Vörusala	2.243
Áfengis- og skilagjald	
Vörunotkun	1.532
Annar framleiðslukostnaður	
Framlegð	711
Aðrar tekjur	
Laun og launatengd gjöld	91
Sölu- og markaðskostnaður	127
Annar kostnaður	171
EBITDA	321
Afskriftir	50
EBIT	272
Fjármagnsliðir og áhrif hlutdeildarféлага	99
Hagnaður fyrir skatta	173
Tekjuskattur	
Hagnaður e skatta	173

Rekstrarreikningur samst.	2023	2022	Breyt.	% Breyt
----------------------------------	-------------	-------------	---------------	----------------

Vörusala	45.375	38.438	6.937	18%
Áfengis- og skilagjald	11.563	10.336	1.227	12%
Vörunotkun	17.997	14.522	3.475	24%
Annar framleiðslukostnaður	657	771	-114	-15%
Framlegð	15.158	12.809	2.349	18%
Aðrar tekjur	49	34	15	44%
Laun og launatengd gjöld	4.931	4.391	540	12%
Sölu- og markaðskostnaður	2.402	1.858	544	29%
Annar kostnaður	2.369	2.033	336	17%
EBITDA	5.504	4.560	944	21%
Afskriftir	1.032	851	182	21%
EBIT	4.472	3.709	763	21%
Fjármagnsliðir og áhrif hlutdeildarféлага	491	664	-172	-26%
Hagnaður fyrir skatta	3.980	3.046	935	31%
Tekjuskattur	677	558	118	21%
Hagnaður eftir skatta	3.304	2.487	816	33%

Reksturinn framundan og afkomuspá

Sala á virknidrykknum COLLAB er nú hafin í Danmörku og Finnlandi en áður hafði staðið yfir tilraunasala í Noregi. Góð dreifing er á drykknum og sala gengur samkvæmt áætlunum. Áætlanir gera ráð fyrir að töluverðan tíma taki að festa vöruna í sessi og ná hlutdeild á mörkuðum. Nokkrar af stærstu smásölukeðjum Danmerkur hafa tekið COLLAB í sölu meðal annars 7-Eleven, Netto, Fötex og Bilka. Í Finnlandi verður COLLAB til sölu um allt land í verslunum K-Citymarket og K-Supermarket ásamt völdum verslunum K-Market. Markaðsvinna er nú í gangi og undirbúningur er að hefjast vegna þriggja annarra markaða.

Afkomuspá stjórnenda samstæðu Ölgerðarinnar fyrir fjárhagsárið 1. mars 2024 – 28. febrúar 2025 er 5.500 – 5.900 millj. kr. EBITDA. Í afkomuspá ársins hefur verið tekið tillit til að kostnaður við útflutning og markaðssetningu á nýjum mörkuðum erlendis verði ekki undir 200 millj. kr. og verður sá kostnaður endurmetinn eftir því hvernig tekst til næstu mánuði.

„Rekstur Ölgerðarinnar á síðasta ári gekk afar vel og félagið festir sig enn í sessi sem öflugasta fyrirtækið á þessum markaði. Við hlustum á neytendur og þeir kunna ekki aðeins að meta rótgrónar vörur okkar sem eru fastagestir á heimilum Íslendinga, heldur tóku þeir afar vel í nýjar vörur okkar sem eru afrakstur nýsköpunar og vöruþróunar. Þessar vikurnar eru að koma nokkrar spennandi nýjungar. Má þar nefna Mist Uppbygging, sem er próteindrykkur með mátulegu magni af koffíni, og COLLAB Hydro sem er nútíma sportdrykkur fyrir íslenskar aðstæður. Innkoma Iceland Spring hefur sitt að segja og við erum afar spennt að sjá hversu góðar viðtökur COLLAB er að fá á erlendum mörkuðum. Við horfum bjartsýn fram á veg og höldum áfram að framleiða og selja fyrsta flokks vörur og bjóða upp á hágæða þjónustu,“ segir Andri Þór Guðmundsson, forstjóri Ölgerðarinnar.

Þá hefur Októ Einarsson, stjórnarformaður Ölgerðarinnar, jafnframt tilkynnt að hann gefi ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu á næsta aðalfundi félagsins sem haldinn verður 23. maí næst komandi. Októ hefur verið stjórnarformaður félagsins frá árinu 2002.

„Ég hef starfað við innflutning, heildsölu og framleiðslu í 37 ár, þar af síðustu 22 ár hjá Ölgerðinni, og mér finnst þetta réttur tímunktur til að stíga til hliðar. Ölgerðin hefur vaxið og dafnað síðustu áratugi og það hefur verið einkar ánægjulegt að sjá félagið verða jafn öflugt og raun ber vitni. Ég lít yfir farinn veg með stolti, þakka öllu því starfsfólki Ölgerðarinnar sem hefur lagt dag og nótt við að gera fyrirtækið að því sem það er í dag og ég kveð sáttur, en með söknuði,” segir Októ Einarsson, stjórnarformaður Ölgerðarinnar.

Nánari upplýsingar veita:

Andri Þór Guðmundsson, forstjóri

andri.thor.gudmundsson@olgerdin.is / s.: 665-8010

Jón Þorsteinn Oddleifsson, fjármálastjóri

jon.thorsteinn.oddleifsson@olgerdin.is / s.: 820-6491